



Ársskýrsla BSV 2025

1. febrúar 2026

Byggðasafn Vestfjarða
Jóna Símonía Bjarnadóttir

Starfsemin

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða árið 2025 var með hefðbundnu sniði ólíkt því sem var 2024 þegar mikil truflun varð á starfseminni vegna skemmda á Turnhúsinu.

Safnið var opið daglega frá kl. 09 -17 frá 16. maí til 31. ágúst, 11-15 til 15. september og eftir samkomulagi eftir það. Opið var um páska, á Veturnóttum og um jól.

Aðgangseyrir á árinu var 1600 kr., 1200 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri.

Fastir starfsmenn voru Sæbjörg Freyja Gísladóttir sérfræðingur 50% en hún hóf störf í apríl, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður 100%, Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum í 50% stöðu, Ricarda Neehuis sérfræðingur 50% en hún hóf störf í apríl, Gunnar S. Rögnvaldsson í 50% og Elma Guðmundsdóttir í 50%. Þau unnu við frágang og skráningu gripa. Þá vann Herbert Snorrason við forritun vegna skráningar um veturinn.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Gunnar Smári Rögnvaldsson, Robin Scott, Herbert Snorrason og Ólína Chandrika sem var „hlaupaköttur“ milli upplýsingamiðstöðvar og safnsins. Tekin var sú ákvörðun á árinu að Krambúðin félli til safnsins og þar með jókst sýningarrými þess nokkuð. Stefnt er á að fyrsta formlega sýningin verði opnuð vorið 2026. Unnið er að skipulagningu hennar sem og skipulagningu efri hæðar sem væntanlega mun hýsa skrifstofur/vinnurými fyrir starfsmenn safnsins. Það mun þýða að það rýmkast í Jónshúsi fyrir geymslur/forvörslu.

Þá hófst vinna við hönnun á lóðinni í Neðstakaupstað en byrjað verður á framkvæmdum vegna aðgengis vorið 2026.

Gestir safnsins

Gestir safnsins árið 2025 voru í heildina rúmlega 22.000, sem er fjölgun frá síðasta ári og skýrist m.a. af auknum umsvifum skemmtiferðaskipa og desemberopnun. Að venju heimsóttu fjölmargir Neðstakaupstað en stærsti hluti gesta frá vori til hausts eru farþegar af skemmtiferðaskipum. Því miður komast ekki allir upp stigann í húsinu og það takmarkar aðsókn. Auk þeirra koma hópar frá ýmsum ferðaskrifstofum sem og aðrir ferðamenn jafn íslenskir sem erlendir. Aðgangstekjur voru rúmar 25 milljónir króna en gert var ráð fyrir rúmum 23 milljónum í áætlun fyrir árið. Mikil aukning varð einnig í sölu í safnbúð.

Tekið var á móti hópum frá Háskólasetrinu á árinu en íslenskunemar eru mjög duglegir að heimsækja okkur. Í desember komu bekkir úr grunnskólanum til okkar og fengu fræðslu um vestfirsku jólasveinana og leikskólabörn úr Tanga heiðruðu okkur með nærveru sinni. Alls munu um 260 nemendur hafa heimsótt okkur á þessari aðventu og um 200 manns kíktu í Krambúðina á jólasýningu. Í lok september var móttaka vegna snjóflóðaráðstefnu haldin á safninu. Í júní var móttaka í Turnhúsinu fyrir þátttakendur í málþingi um kennslu íslensku sem annars máls, inngildingu og fjölmenningu í framhaldsskólanum. Menntaskólinn á Ísafirði stóð fyrir málþinginu og var viðburðurinn samstarf Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Í lok apríl fengum við góða heimsókn af nemendum frá Grunnskóla Ísafjarðar, ásamt kennurum og nemendum frá Ludenscheid í Þýskalandi. Þjóðverjarnir hafa verið hér í boði GÍ en samstarf skólanna er í gegnum Erasmus+ og er yfirskrift verkefnisins Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Að venju haldin móttaka fyrir þátttakendur í Worldlopped sem er hluti af Fossavatnsgöngunni.

Viðburðir

Peter Kærgaard Andersen setti upp sýningu „Tilfinningarleg staðartengsl“ í Bryggjusal Edinborgarhússins í júní. Sýningin var afrakstur vettvangsrannsóknar hans á Vestfjörðum en safnið er í samstarfi við Háskólan í Árósum um rannsókn á hversdagslegum ljósmyndum almennings í Danmörku, Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Safnið tók þátt í Veturnóttum með því að bjóða upp skemmtilega fjölskyldustund þar sem Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur sagði allskonar skrítnar og skemmtilegar sögur, og mögulega svolítið hræðilegar líka. Sögurnar fjölluðu um vættirnar okkar á Íslandi, álfana, tröllin og drauga. Þá kynnti hún einnig bókina sína, Ghosts, Trolls and the Hidden People. Í tengslum við jólasýninguna voru tvennir tónelíkar Drumbanna en samtals sóttu 60 manns þá en frítt var inn þar sem viðburðarsjóður hafna Ísafjarðarbæjar styrkti þá. Í nóvember voru haldnar tvær bókarkynning í Turnhúsi en þeir Reynir Traustason og Kolbeinn Þorsteinsson kynntu nýútkomnar bækur sínar þann 9. og 28. nóvember komu þau feðginin Jón Jónsson og Dagrún Jónsdóttir og fjölluðu um nýútkomna bók síðna um jólafól í boði Dress up games. Þá skemmti trúbadorinn Steingrímur Rúnar gestum og gangandi á svæðinu nokkrum sinnum um sumarið með styrk frá sumarviðburðasjóði.

Fundir, ráðstefnur og fræðsla

Forstöðumaður sat fundi SÍS – sambands íslenskra sjóminjasafna, en hún er ritari stjórnar. Starfsmenn sóttu farskólann sem þetta árið var haldinn á Selfossi og fékk til þess styrk úr safnasjóði. Yfirskrift skólans að þessu sinni var „Áreiðanleiki, trúverðugleiki og sannindi í íslenskum safnaheimi!“

Starfsmenn sátu námskeið í gerð viðbragðsáætlana fyrir söfn í september en námskeiðið var haldið af Safnaráði í samstarfi við Nathalie Jacqueminet forvörð. Safnið tók þátt í Mannamótum á vegum markaðstofa landshlutanna í janúar og kynnti þar starfsemi sína. Í marz fóru starfsmenn safnsins í kynnisferð til Reykjavíkur og Akranes þar sem skoðuð voru söfn, jafnt sýningar sem geymslur. Ferðin var styrkt af safnasjóði og stéttarfélögum.



Sýningar og samstarf

Unnið var áfram í sýningunni á 1. hæð en árið 2023 fékkst öndvegisstyrkur úr safnasjóði til að endurskoða grunnsýningu safnsins. Verkinu seinkaði vegna skemmda á Turnhúsi árið 2024 og því seinkar því um ár en við stefnum á að vinnunni verði lokið að mestu í árslok 2026. Þá verður 1. hæð safnsins komin í sitt horf en næsta verkefni í Turnhúsi er 2. hæðin sem verður endurskipulögð.

Krambúðin var tekin í notkun fyrir safnið í nóvember og þar sett upp jólasýning á 1. hæð sem og aðstaða til að bjóða upp á heitt súkkulaði. Hafist var handa við að skipuleggja sýningu á gripum fra Guðrúnu Vigfúsardóttur og Húsmæðraskólans Ósk í stofum hússins en hún mun opna vorið 2026.

Ísbirnirnir, sem lögðu upp í ferðalag um Vestfirði fyrir 3 árum, komu heim á árinu og með þeim sýning um ísbjarnarkomur á Vestfjörðum, sem er samstarfsverkefni Sauðfjárseturs, Byggðasafns Vestfjarða og Minjasafnsins á Hnjóti. Sýningin var sett upp á 1. hæð Turnhúss en birnirnir vekja alltaf athygli hjá gestum safnsins.



Bátar safnsins.

Bátar safnsins eru nú 11 talsins, að auki eru tveir sem eru fóstaðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Nokkur vinna hefur verið lögð í að afla fjármagns til báta síðustu ár og varð nokkur árangur af því árin 2022 og 2023 en lítið hefur verið um fjármagn síðan. Búið er að meta bátana út frá ástandi og áætla kostnað við forvörslu og endurbætur. Bátar Þjóðminjasafnsins bíða fjármagns til lagfæringa og hefur Ögri því ekki verið hafður til sýnis síðustu sumur.

Því miður eru bátar safnsins ekki með bryggjupláss og hafa því verið hafðir á legufærum. Sumarið 2025 fengu þeir að liggja við skútubryggju hafnarinnar og vöktu þeir mikla athygli gesta og gangandi. Draumur okkar er að sett verði niður bryggja fyrir safnið í fjörunni neðan við Neðstakaupstað. Margir hafa lagt okkur lið með bátakostinn og gert okkur mögulegt að hafa þá á floti yfir sumarið, öllum þessum aðilum kunnum við bestu þakkir fyrir.

1. Gunnar Sigurðsson ÍS 13, ekki tókst að fjármagna lagfæringar og bíður hann enn um sinn að komast á flot.
2. Jóhanna ÍS 159 var sjósett sumarið 2020 og verið sett niður öll sumur síðan. Vélin í henni er í góðu lagi og er henni siglt reglulega yfir sumarið.
3. Gestur frá Vigur var sjósettur sumarið 2024 eftir all nokkrar lagfæringar. Vélin var þó ókláruð en þeirri vinnu er nú lokið.

4. Eljan ÍS 590 fór í all nokkra yfirhalningu árið 2023. Hún var höfð á floti sumarið 2025 en eftir stendur þó að fá varahluti í vélina, koma henni í og lagfæra rafmagn. Unnið er í að afla styrkja til að ljúka við vélina en unnið verður í henni vorið 2026.

5. Sædís var við bryggju fram á haustið 2018 og þá tekinn á land. Hefur ekki verið sjósett aftur. Í hana fékkst styrkur frá fornminjasjóði og var hún skröpuð og byrjað á lagfæringum en illa viðraði og ekki tókst að ljúka allir þeirri vinnu sem stefnt var á. Henni var síðan að mestu lokið sumarið 2025 en vonast er til að fá frekari styrki til að ljúka forvörslu.

6. María Júlía BA 36 yfirgaf Ísafjörð á vordögum 2023, hún er nú í slipp á Húsavík.



Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri

Smiðjan var opin sumarið 2025. Okkur tókst að ráða mannskap, fyrst var það Dagbjartur Bjarnason en svo Alma Sóley Önnudóttir Wolf. Smiðjan var vel sótt um sumarið en nokkuð er þó í að hún verði sjálfbær. Við gerðum þá nýbreytini að hafa hana opna þegar kveikt var á jólatrénu á Þingeyri og mæltist það vel fyrir.



Geymslumál

Geymslumál safnsins eru ekki góð, aðal geymslan í Neðstakaupstað uppfyllir ekki öll skilyrði safnaráðs en unnið er í að bæta þar úr. Í ljós kom að mygla er í húsnæðinu í smiðjunni í Neðstakaupstað eftir margra ára leka en skipt var um þak sumarið 2025. Safnið á gám þar sem geymd eru ýmis tæki og stærri gripir, kominn er tími á viðhald á gámnum en æskilegt væri að koma þessum gripum í varanlegt húsnæði. Sama á við um slökkviliðsbíla sem varðveittir eru utandyra.

Gripir frá Húsmæðraskólanum Ósk eru varðveittir í geymslu í kjallara gamla Landsbankans og einn af bátum safnsins er varðveittur í flugskýli á Ísafjarðarflugvelli. Geymsluhúsnæði safnsins í Engidal var tæmt árið 2024 og gripir færðir í geymslu á Ísafjarðarhöfn sem safnið leigir. Staðan á sundhallarloftinu, en þar er að finna talsvert af elstu gripum safnsins, er óbreytt. Safnið hefur sára þörf fyrir varanlegt varðveisluhúsnæði, sérstaklega fyrir stærri hluti og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum.

Haldið var áfram að vinna í endurskipulagningu í aðal geymslu safnsins í Neðstakaupstað.

Skráning muna

Unnið var við skráningar á árinu, um það sá Herbert Snorrason, Gunnar Rögnvaldsson og Ricarda Neehuis. Um frágang skráðra gripa sá Elma Guðmundsdóttir. Nú er búið að setja upp kerfi þar sem hægt er að skrá gripi í samhengi við eldri skráningar sem og að skrá alla færslu á gripum milli staða. Nýr sarpur var opnaður í lok árs 2025 og hafist verður handa við skráningar þar árið 2026.

Aðföng til safnsins hafa aukist frá því sem var síðustu ár og má vafalaust þakka það auknum sýnileika safnsins á hinum ýmsu miðlum sem og vitundarvakningu um að hversdaghluturinn eigi líka heima á safni.

Stjórn safnsins

Hana skipa Sigríður Júlía Brynleifsdóttir fyrir Ísafjarðarbæ, Jón Páll Hreinsson fyrir Bolungarvíkurkaupstað og Bragi Þór Thoroddsen fyrir Súðavíkurhrepp. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. KPMG gekk frá ársreikningi safnsins.

Tekið saman af Jónu Símoníu Bjarnadóttur forstöðumanni í febrúar 2026.

